

# Sumarleyfi 2023

## Leikskólar Mosfellsbæjar

Orlofstímabilið í leikskólum Mosfellsbæjar er **15. maí til 31. ágúst**.

Velja þarf fyrir hvert barn samfeldar fjórar vikur, þ.e. **20 virka** daga samfelld, innan þessa tímabils. Hægt er að bæta við **5 samfelldum virkum dögum** að auki í sumarleyfi og fellur leikskólagjald niður fyrir þá viku líka.

### Sumarskóli 10. júlí til og með 4. ágúst

Á tímabilinu **10. júlí til 4. ágúst** er gert ráð fyrir að starfsemi leikskóla Mosfellsbæjar verði sameinaðir í sumarleikskóla sem verður staðsettur í **Hlaðhömrum**.

### Skráning hefst 20. febrúar og stendur til og með 15. mars.

Þeir sem óska eftir að barnið sé í sumarleikskóla í eina viku eða fleiri á tímabilinu 10. júlí til og með 4. ágúst og/eða óska eftir fimmtu vikunni, þurfa að fylla út skráningu inni á þjónustugátt Mosfellsbæjar.

### Orlofsskráning er bindandi frá þeim tíma.

Vinsamlegast athugið að: **Þeir sem hafa í hyggju að barnið verði í sumarleyfi frá 10. júlí til 4. ágúst þurfa ekki að gera neitt.**

*Allar frekari upplýsingar veitir leikskólastjóri*

